

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Hleina að Langeyrarmölum, Herjólfsgata 30-34.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 8. janúar 2008 og skipulagsnefnd Garðabæjar þann 12. mars 2008 breytingu á deiliskipulagi Hleina að Langeyrarmölum, Herjólfsgata 30-34 í Hafnarfirði. Breytingin felst í að lóðir nr. 30, 32 og 34 eru sameinaðar í eina lóð. Farið var með deiliskipulagsbreytinguna skv. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 28. mars 2008,

Málfríður Kristjánsdóttir arkitekt.

B-deild – Útgáfud.: 11. apríl 2008